

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Reykholts í Biskupstungum.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðuneytið þann 27. október 1992 staðfest breytingu á aðalskipulagi Reykholts í Biskupstungum.

Breytingin tekur til eftirfarandi:

Landnotkun spildu úr landi Norðurbrúnar breytist úr skógræktarlandi í íbúðarhúsaloð.

Landnotkun í Lambadal breytist úr iðnaðarsvæði í blandaða starfsemi iðnaðar og garðyrkju.

Landnotkun á Dalsbrún breytist úr garðyrkju í íbúðarhúsaloð.

Breytingin og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Biskupstungnahrepps og Skipulagstjórnar ríkisins.

Umhverfisaráðuneytið, 27. október 1992.

Eiður Guðnason.

Hrafn Hallgrímsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um fólksbifreiðar, sem eru notaðar til leiguaksturs og takmarkanir á fjölda þeirra, nr. 308/1989, ásamt síðari breytingum.

1. gr.

3. tl. 8. gr. reglugugerðar nr. 308/1989 orðist svo:

Á félagssvæði Bílstjórafélags Akureyrar, sem er Akureyri.

Hámarkstala er 22 fólksbifreiðar.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkv. lögum nr. 77/1989 um leigubifreiðar, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 23. október 1992.

Halldór Blöndal.

Ólafur S. Valdimarsson.